

21. Frumvarp

til laga um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Rannsóknarstofu Háskólans er heimilt að láta úti og selja hverskonar hóluefni, blóðvetni og svipuð efni, er hún vinnur sjálf eða útvegar frá öðrum rannsóknarstofum.

Ráðherra er heimilt að veita Rannsóknarstofu Háskólans leyfi til að láta úti og selja hvers konar lyf gegn þeim sjúkdómum, er hún fæst við rannsóknir á.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að veita öðrum rannsóknarstofum, er ríkið eða Háskólinn rekur, tilvarandi leyfi til að láta úti og selja lyf og lyfjavörur, er þær vinna sjálfar, svo og til að láta úti og selja í sambandi við rannsóknir sínar hvers konar lyf gegn sjúkdómum jurta eða dýra eða til útrýmingar snikjudýra og óþrifadýra.

3. gr.

Rannsóknarstofur skulu fylgja sömu reglum og lyfsalar um útlát eitraðra og hættulegra lyfja til tryggingar því, að hætta stafi ekki af.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir samið þetta frumvarp í samráði við forstöðumann Rannsóknarstofu Háskólans, prófessor Niels Dungal, og gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Það þykir sjálfsagt um rannsóknarstofur erlendis á borð við Rannsóknarstofu Háskólans, að þær selji sjálfar framleiðsluvörur sínar, sem flestar mega teljast til lyfja. Um heimildir til þessa hér á landi eru lagafyrirmæli óskýr. Er frumvarpinu ætlað að taka af öll tvímæli um heimild opinberra rannsóknarstofnana til lyfjasölu, en henni er ekki eingöngu ætlað að ná til eigin framleiðslu, heldur, að því er Rannsóknarstofu Háskólans snertir, til hóluefnis og blóðvetnis og skyldra efna, er hún útvegar annarsstaðar frá, með því að slík lyf er hún bezt fær um að meta og leiðbeina um notkun á. Opinberum rannsóknarstofnunum yfirleitt á að vera unnt að heimila að hafa á hendi útsölu á lyfjum þeim og lyfjavörum, er notaðar eru í sambandi við rannsóknir þeirra, með því að á þann hátt þykir hægst að leiðbeina um rétta notkun og fylgjast með um árangurinn.

Að öðru leyti þarf frumvarpið ekki skýringar við.